



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 5. júní 2025
2505065HS RS

Efni: Veiting Austurkvíslar Þjósárvísla í fyrri farveg - umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu

Þann 13. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við að veita Austurkvísl Þjósárvísla í fyrri farveg. Vestari hluti Þjósárlóns og Austurkvísl tilheyra Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér að færa Austurkvísl Þjósárvísla í fyrri farveg með gerð nýrrar rásar og leiðigarðs. Gert er ráð fyrir að rásin verði tæplega 600 m löng og 50 m breið. Leiðigarðurinn verður um 5 m á breidd og aldrei hærri en 1,5 m yfir aðlægu landi. Áætluð efnisþörf er 6000 m³ og er allt efni til staðar á framkvæmdasvæðinu og þarfnast ekki vinnslu. Gert er ráð fyrir að nota u.þ.b. 20 tonna ýtu og 15 tonna beltagröfu við framkvæmdirnar og gætt verður að mengunarvörnum á framkvæmdatíma.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina gróður, fuglalíf, jarðmyndanir, verndarsvæði, landslag og ásynd, vatnafar og vatnshlot, og samfélag. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framvæmdarinnar talin talsvert jákvæð fyrir gróður, nokkuð jákvæð fyrir fuglalíf, óveruleg til nokkuð jákvæð fyrir verndarsvæði, óveruleg fyrir jarðmyndandir, landslag og ásynd, vatnafar og vatnshlot, og verulega jákvæð fyrir samfélag.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framvæmdarinnar óveruleg. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir
Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 6. júní 2025

Fundanúmer: F202505-0015

Berist til: Skipulagsstofnun

Erindi: Umsögn vegna máls nr. 0634/2025 í Skipulagsgátt

Á 69. fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 4.6.2025 var lögð fram umsagnarbeiðni vegna tilkynningar um matsskyldu sem tekur til Austurkvíslar Þjósárkvísla, umsagnarbeiðni 2505061

Eftirfarandi umsögn var bókuð af sveitarstjórn:

Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er gerð grein fyrir framkvæmdinni í framlögðum gögnum en æskilegt er að framkvæmdin fari í umhverfismat. Líkt og fram kemur innan gagnanna er framkvæmdin sem fjallað er um innan skýrslunnar háð útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um útgáfu framkvæmdaleyfa nr. 772/2012 þar sem tilgreint er í 5. gr. að stíflur eða breytingar á árfarvegi séu háðar útgáfu framkvæmdaleyfis.

Það tilkynnist hér með

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sylvía Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 13. maí 2025
202505-0051/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Veiting Austurkvíslar Þjósárvísla í fyrri farveg Skipulagsstofnunar.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst dags. 13. maí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um hvort og á hvaða forsendum neðangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að þessi umsögn er veitt samkvæmt beiðni Skipulagsstofnunar og felur ekki í sér leyfisveitingu samkvæmt náttúruverndarlögum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð Landsvirkjunar (hér eftir framkvæmdaraðili) kemur fram að framkvæmdin feli í sér að beina rennsli Austurkvíslar Þjósárvísla aftur í fyrri farveg í átt að Þjósárlóni. Til þess sé fyrirhugað að móta grunna rás, um 600 metra langa og 50 metra breiða, á gróðurlausum malareyrum, auk þess sem reistur verði um 5 metra breiður leiðigarður úr efni á staðnum. Tilgangur framkvæmdarinnar er sagður vera að leiðrétta breytingar sem að hafa átt sér stað á rennsli kvíslarinnar og að ef ekkert af Austurkvísl renni í Þjósárlón orsaki það 120 GWst minni orkuframleiðslu á ári, þar sem vatnið fer þá ekki í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila er markmið framkvæmdarinnar tvíþætt: annars vegar að stýra vatnsrennsli aftur til Þjósárlóns og hins vegar að draga úr vistgerðaskerðingu og gróðureyðingu sem orsakast hefur af því að Austurkvísl hefur frá árinu 2016 flætt í vaxandi mæli til vesturs yfir grónar svæðisrendur vestan Höfðans.

Fram kemur að svæðið þar sem framkvæmdin er fyrirhuguð sé að mestu gróðurlaust og að jarðrask verði tímabundið, staðbundið og afturkræft. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir fari fram síðsumars og taki allt að 10 daga.

Þjósárver

Þjósárver eru friðlýst með auglýsingu nr. 807/2017 á grundvelli náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og tilheyra alþjóðlegum verndarsamningi (Ramsar). Svæðið einkennist af fjölbreyttu votlendi, jökulám og vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar, þar á meðal rústamýravist. Í

11. gr. friðlýsingarinnar er kveðið á um að óheimilt sé að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu.

Þjósárver eru dæmi um viðkvæmt vistkerfi á miðhálandi Íslands þar sem kvíslun og breytingar á rennsli jökuláa, sem teljast til náttúrulegra vatnaferla, eru hluti af mótun svæðisins og stuðla að fjölbreytni vistgerða og ferla. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að mikilvægt er sbr. markmið laga um náttúruvernd að leyfa náttúru svæðisins að þróast á eigin forsendum, sem er eitt helsta markmið friðlýsingar svæðisins. Að mati stofnunarinnar er því ekki hægt að tala um framkvæmdina sem „leiðréttingu á breytingu“, þar sem um er að ræða náttúrulegar breytingar á jökuláeyrum. Náttúrulegar breytingar geta einnig mögulega orsakað það að áin renni aftur út í Þjósárlón.

Þótt tilgangur framkvæmdarinnar sé sagður miða að því að draga úr áhrifum á gróður og vistkerfi, telur stofnunin ekki nægileg gögn liggja fyrir til að unnt sé að skilgreina aðgerðina þannig að hún feli í sér verndaraðgerð sem réttlæti inngrip af því tagi sem kveðið er á um í friðlýsingarskilmálum. Þvert á móti kann framkvæmdin að hafa áhrif á náttúrulega þróun árkerfisins og vistkerfa sem við það tengjast. Enn fremur segir í 5. mgr. 11. gr í friðlýsingarskilmálum Þjósárvera: „*Heimilt er að grípa til aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun og að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.*“ Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjósárver og því að óbreyttu ekki hægt að heimila framkvæmdir af þessum toga innan friðlandsins á þeim forsendum að þeim sé ætlað að vernda gróður.

Ramsar-svæðið

Þjósárverum var árið 1990 bætt við á skrá yfir votlendissvæði Ramsar-samningsins, sem Ísland er aðili að. Með því ber íslenskum stjórnvöldum að tryggja vernd og skynsamlega nýtingu svæðisins. Samkvæmt markmiðum samningsins skulu ekki fara fram framkvæmdir sem geta skaðað verndargildi svæðisins eða raskað þeim náttúrulegu ferlum sem gera það sérstakt. Þjósárver hafa því verulega hátt verndargildi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin, sem felur í sér stýringu vatnsrennslis og mótun farvegar, kunni að hafa áhrif á þau náttúrufarslegu einkenni sem skráning Þjósárvera byggist á. Slíkar framkvæmdir geta breytt vatnaflæði, gróðurþekju og vistgerðum og þar með skert þá vistfræðilegu heild sem vernd svæðisins hvílir á. Þar sem svæðið nýtur tvíþættrar verndar – samkvæmt friðlýsingu og alþjóðlegri skuldbindingu – telur stofnunin brýnt að áhrif framkvæmdarinnar á verndarskuldbindingar Íslands samkvæmt Ramsar-samningnum verði metin sérstaklega.

Vatnamál

Mat Hafrannsóknastofnunar á áhrifum framkvæmdarinnar byggir á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og felur í sér greiningu á áhrifum á vatnshlot, þar á meðal vatnsformfræði, grugg, framburð og eðlis- og efnafræðilegum þáttum. Niðurstaðan er að áhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg og ekki líkleg til að leiða til hnignunar á ástandi vatnshlots. Stofnunin áréttar að lágmarka beri rask og beita skuli mengunarvörnum við framkvæmd.

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að raska ekki ástandi vatna og mikilvægt er að meta þau vistfræðilegu áhrif sem breytingar á rennsli og farvegi geta haft á lífríki árinna sjálfrar. Náttúruverndarstofnun telur óljóst hvort unnið hafi verið mat á áhrifum á lífverur sem byggja afkomu sína á núverandi vatnsstraumi, svo sem botndýr, vatnablöntur og smádýr sem mynda undirstöðu vistkerfisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin á sér stað innan friðlýsts og viðkvæms svæðis telur stofnunin brýnt að fram fari heildstætt vistfræðilegt mat á áhrifum breytinga á vatnsrennsli og að slík áhrif séu metin með tilliti til náttúrulegrar þróunar árkerfisins og í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála Þjórsárvera

Í friðlýsingarskilmálunum er m.a. kveðið á um að óheimilt sé að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð (11. gr.), sem undirstrikar mikilvægi þess að rennslismynstur og vistkerfi haldist sem mest ósnortin.

Jökulár

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði er í árfarvegi jökulár sem á upptök sín undir Þjórsárjökli. Slíkar ár einkennast af miklum árstíðasveiflum í rennsli og stöðugri tilfærslu á farvegum, þá sérstaklega nálægt jökulsporðum. Árs- og skammtímasveiflur í vatnsmagni valda því að jökulár kvíslast í marga farvegi, sem breyta um stefnu og dýpt með tíð og tíma. Slíkar kvíslar renna iðulega um víðáttumiklar, flatar áreyrar þar sem árfarvegurinn er síbreytilegur og mótast af rofi og setmyndun.¹ Mörg dæmi um að ár finni sér nýja farvegi með hopi jökuljaðars og landbreytingum við jökuljaðar. Hægt er að benda á breytingar við Skeiðarárjökul sem dæmi um slíkt en þar runnu áður fjórar jökulár undan mismunandi svæðum jökulsporðsins sem nú hafa sameinast í eina á – Gígjukvísl². Sambærilegar breytingar hafa orðið við hopandi jaðar Þjórsárjökuls síðustu ár, sem þó virðast ekki hafa orsakað miklar breytingar á rennsli Austurkvíslar við jökuljaðarinn enn sem komið er.

Af þessum sökum er líklegt að sú framkvæmd sem nú er fyrirhuguð, verði ekki framtíðarlausn. Hins vegar væri um að ræða fordæmisgefandi framkvæmd og því afar mikilvægt að allar sviðsmyndir varðandi frekari breytingar á árkerfinu og nauðsyn frekara inngrips séu dregnar fram.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áin muni áfram hlaupa um áreyrnar með tilheyrandi rofi og tilfærslu á efni og að mögulega þurfi að endurtaka framkvæmdina síðar. Þetta undirstrikar að framkvæmdin hefur mögulega aðeins tímabundið gildi og að á svæðinu verði áfram virk jarðfræðileg þróun sem kalla mun eftir frekara mati og aðgerðum ef grípa á til sambærilegra inngripa í framtíðinni. Í þessu samhengi bendir stofnunin á að þó að áin hafi á síðustu árum leitað í ríkara mæli framhjá Þjórsárlóni er ekki hægt að útiloka að hún muni

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/ferskvatn/jokular>

²

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Breytingar a austanverdu Skeidararjokli og farvegi Skeidarar 1997-2009 og framtidarhorfur.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Breytingar%20austanverdu%20Skeidararjokli%20og%20farvegi%20Skeidarar%201997-2009%20og%20framtidarhorfur.pdf)

renna aftur út í lónið án inngrips, enda er það í eðli jökuláa á áreyrum að flæmast um og finna sér nýja farvegi.

Víðerni

Þjósárver eru meðal víðáttumestu gróðurvinja hálendisins og einkennast af lítt eða ekkert röskuðu landslagi, náttúrulegum árfarvegum og ósnortnum víðernum. Í friðlýsingarskilmálum skv. auglýsingu nr. 870/2017 segir að markmið friðlandsins sé m.a. að „*vernda ósnortin víðerni og sérstaka landslagsheild Þjósárvera*“. Víðerni svæðisins eru því bein forsenda verndar svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér jarðrask, mótun árfarvega og gerð leiðigarðs sem er inngrip í landslag og þróun vatnsfalla innan svæðis sem skilgreint er sem víðerni. Þetta getur rýrt þá þætti sem friðlýsingin er sett til að vernda, einkum þegar litið er til þess að framkvæmdin gæti þurft að endurtaka eða viðhalda reglulega.

Í ljósi þess að víðerni eru formlegur hluti verndarmarkmiða Þjósárvera telur stofnunin nauðsynlegt að áhrif framkvæmdarinnar á víðerni verði sérstaklega metin og tilgreind í leyfisumsókn og/eða umhverfismati, ef til þess kemur. Víðerni á Íslandi eru einstök en slík svæði eru á undanhaldi um allan heim.

Leyfisveiting

Náttúruverndarstofnun fer með leyfisveitingarheimild samkvæmt 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd fyrir framkvæmdir innan friðlýstra svæða, að því tilskildu að þær séu í samræmi við markmið friðlýsingar og stuðli að náttúruvernd.

Samkvæmt 2. og 11. gr. friðlýsingarskilmála fyrir Þjósárver, sbr. auglýsingu nr. 870/2017, er óheimilt að breyta árfarvegum eða rennsli vatna innan friðlandsins sbr. þó 2.- 4. mgr. 11. gr.

Almannahagsmunir

Náttúruverndarstofnun bendir á að vernd Þjósárvera felur í sér verulega almannahagsmuni, bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Svæðið hefur verið friðlýst meðal annars til að tryggja vernd mikilvægra vistgerða, votlendis og búsvæða fugla en sérstaklega er tekið fram í athugasemdum við frumvarpið sem varð að náttúruverndarlögum að mikilvægir almannahagsmunir eru bundnir við vernd friðlýstra svæða Einnig er svæðið, eins og áður hefur komið fram, Ramsarsvæði en aðaláhersla Ramsarsamningsins er að vernda þau votlendissvæði sem eftir eru í heiminum. Ramsarsvæði njóta sérstakrar athygli og ekki má breyta vistfræðilegum eiginleikum þeirra nema vegna þjóðarhagsmuna.

Orkuframleiðsla

Í greinargerð kemur fram að þessar náttúrulegu breytingar á rennsli Austurkvíslar mun geta orsakað 120 Gwst minni orkuframleiðslu á ári því að vatnið muni mögulega ekki renna í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell- Sigöldu- Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að vatnið renni fram hjá Þjósárlóni komi vatnið með Þjósá í bæði Sultartanga- og Búrfellsvirkjun. Fullyrðing framkvæmdaraðila um að vatnið

renni framhjá þessum tveim virkjunum er því röng. Náttúruverndarstofnun leggur til að þessir þættir séu skoðaðir nánar þegar lagt er mat á ávinning framkvæmdar.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að í meginatriðum sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og áhrifasvæði hennar en telur að ýmsa þætti vanti eða séu of óljósir til að unnt sé að leggja fullt mat á áhrifin. Óvissa ríkir um langtímaáhrif, umfang og nauðsyn endurtekinna inngripa vegna frekari náttúrulegra breytinga sem og áhrif á verndargildi svæðisins. Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin skerða ósnortin víðerni innan friðlandsins en vernd þeirra er ein meginforsenda friðlýsingar Þjórsárvera.

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að verkefnið, sem miðar að því að beina rennsli Austurkvíslar aftur í eldri farveg, byggir á tímabundinni íhlutun og er samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila líklega ekki varanleg lausn. Ákvarðanir sem þessar eru fordæmisgefandi og mögulegt að talið verði nauðsynlegt að hún verði ítrekuð eða að tilefni verði talið til umfangsmeiri inngripa í framtíðinni, sem gætu með tímanum leitt til aukinnar áhrifa á náttúrulega þróun vatnakerfa, vistkerfi, gróðurfar og ósnortin víðerni svæðisins. Að þessu sögðu er ekki útilokað að náttúrulegar breytingar á áreyrnum muni leiða aftur til þess að Austurkvíslin leiti aftur af ríkara mæli í Þjórsárlón.

Þá telur stofnunin að ekki hafi verið lögð fram fullnægjandi greining á valkostum framkvæmdarinnar. Slík greining er mikilvæg að mati stofnunarinnar, ekki síst þegar fyrir liggur að framkvæmdin kann að kalla á endurtekin inngrip innan friðlandsins.

Í gögnin vantar m.a. greinargóða lýsingu á mótvægisáðgerðum og eftirfylgni, sem er forsenda þess að hægt sé að meta áhrif framkvæmda og hvort þau kunni að breyta verndargildi svæðisins. Einnig vantar greiningu á áhrifum framkvæmdarinnar á ósnortin víðerni innan friðlandsins. Því vantar í greinargerðina sérstaklega:

- Greiningu á áhrifum framkvæmda á víðerni innan friðlandsins
- Skilgreinda vöktunaráætlun
- Útfærslu á því hvernig áhrif framkvæmdarinnar verði metin eftir að henni lýkur
- Mælikvarða til að greina breytingar á gróðurfari eða jarðraski,
- Skýra viðbragðsáætlun ef áhrif verða önnur en áætlað var eða ef breytingar verða á ánni ofar í farvegi hennar.

Að mati stofnunarinnar er brýnt að greining á skerðingu víðerna verði unnin, vöktun, eftirfylgni og áætlun verði skilgreind og samþykkt áður en til framkvæmdar kemur.

Leyfisveiting samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga verði háð vöktunaráætlun sem taki mið af verndarsjónarmiðum Þjórsárvera.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á verndargildi Þjórsárvera í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson

svæðissérfræðingur

Skipulagsstofnun
Bt. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur

Dags. 10. júní 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0144

Með erindi dags. 13. maí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áform Landsvirkjunar á færa Austurkvísl Þjórsárkvísla í fyrri farveg með gerð nýrrar rásar og leiðigarðs.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við færslu Austurkvíslar Þjórsárkvísla í fyrri farveg.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2025
UOS2505139/p.S.

Efni: Umsögn – Matsskyldufyrirspurn - Veiting Austurkvíslar Þjósárkvísla í fyrri farveg

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Landsvirkjun áformar að veita rennsli austurkvíslar Þjósárkvísla í fyrri farveg með gerð nýrrar rásar og leiðigarðs nyrst á eyrum árinna. Tilgangurinn er að beina rennsli árinna aftur í Þjósárlón en á undanförunum árum hefur áin verið að brjóta sér leið til vesturs í vesturkvíslina og rennur nú aðeins lítill hluti vatnsins í lónið. Gert er ráð fyrir að rásin verði grunn, tæplega 600 m löng og 50 m breið. Leiðigarðurinn verður um 5 m breiður og í mesta lagi 1,5 m á hæð miðað við aðliggjandi umhverfi. Í leiðigarðinn verður notast við efni úr áreyrinni, sem að mestu leyti er mól og sandur og verður það því tekið af staðnum. Gert er ráð fyrir að nota meðalstóra ýtu við verkið og er áætlað magn ýtingar um 6.000 m³ og meðalýtingarlengd um 30 m. Lítil beltagrafa verður notuð til þess að snyrta og móta uppýtt efni.

Áætlað er að farið verði í framkvæmdir seinni parts sumars eða um haust þegar rennsli í ánni er sem minnst og muni taka u.þ.b. 10 daga. Vegna líklegs áframhaldandi rofs í ánni kann að þurfa að endurtaka veitinguna með álíka hætti og var lýst að ofan.

Áhrif á vatnshlot

Framkvæmdin felur í sér breytingar á farvegi austurkvíslar Þjósárkvíslar og bendir Umhverfis- og orkustofnun á að slíkar breytingar á farvegi eru háðar leyfi stofnunarinnar skv. 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Í matsskyldufyrirspurninni er fjallað um þau vatnshlot sem framkvæmdin nær til og hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á þau. Jafnframt fylgir áhrifamat fyrir vatnshlotin. Þar kemur fram að framkvæmdin muni hafa bein áhrif á austurkvísl árinna, *Þjósárkvíslar 2* (103-957-R) og stöðuvatnshlotið *Þjósárlón* (103-2445-L). Rennsli austurkvíslar árinna mun aukast og þar með rennsli og aurburður til lónsins einnig. Breytingar á vatnsformfræði beggja vatnshlotanna er þó metnar minniháttar. Þá segir í áhrifamatinu að framkvæmdin muni hafa

óbein áhrif á vesturkvísl árið 103-552-R en þó er sagt annarsstaðar í áhrifamatinu að framkvæmdin hafi lítilsháttar bein áhrif á vatnsformfræði hennar þar sem rennsli um hana mun minnka. Talið er að það verði lítilsháttar óbein áhrif á vatnshlot neðar í kerfinu vegna rennslisbreytinga og gruggs. Ekki er talið að breytingarnar verði það miklar að þær hafi áhrif á ástandsflokkun vatnshlotanna miðað við umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að búið sé að gera áhrifamat fyrir þau vatnshlot sem framkvæmdin hefur áhrif á og að sama áhrifamatið nái til allra vatnshlotanna. Stofnunin bendir hins vegar á að gera þyrfti betur grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vesturkvísl árið 103-552-R. Umhverfis- og orkustofnun telur að ákveðið ósamræmi sé í matinu varðandi það hvort framkvæmdin hafi bein eða óbein áhrif á vatnshlotið og telur að það verði fyrir beinum áhrifum að völdum framkvæmdarinnar þar sem rennsli mun minnka þegar vatni er veitt úr því og yfir í austurkvíslina.

Til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022-2027¹ þarf að liggja fyrir ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Umhverfis- og orkustofnun minnir einnig á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki tímabundið né varanlega.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og hún er sett fram í matsskyldufyrirspurninni muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og telur framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Stofnunin telur þó að gera þarf betur grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotið 103-552-R í áhrifamatinu.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

Skipulagsstofnun
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 11. júní 2025
Málsnúmer: 2025-05-0250

Efni: Veiting Austurkvíslar Þjórarkvísla í fyrri farveg, fyrirspurn um matsskyldu. Mál nr. 0634/2025 í Skipulagsgátt.

Vísað er til erindis sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 13. maí 2025. Þar óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi matsskyldu framkvæmdar vegna breytingar á farvegi Austurkvíslar Þjórarkvísla.


Þjórarkvíslar eru innan friðlands Þjórarárvera sem nær yfir öll Þjórarárver og Hofsjökul. Markmið friðlýsingar er m.a. að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórarárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja.

Með minnisblaði (Málsnr. 2025-01-0055) sem unnið var fyrir Landsvirkjun í upphafi árs 2025 lagði Hafrannsóknastofnun mat á möguleg áhrif af fyrirhugðum framkvæmdum við Austurkvísl Þjórarkvísla á vatnshlot á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Matið var unnið í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlotum.

Í minnisblaðinu kom fram lýsing á framkvæmdinni samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun og EFLU og mat á mögulegum vatnsformfræðilegum-, líffræðilegum- og eðlisefnafræðilegum áhrifum á þau vatnshlot sem eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Niðurstöður matsins voru að ólíklegt væri að framkvæmdin muni valda hnignun á ástandi vatnshlotanna miðað við umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Í samræmi við ofangreint minnisblaðs telur Hafrannsóknastofnun framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum með tilliti til þeirra vatnshlota sem eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Sú niðurstaða er byggð á áhrifum á vatnshlotin sjálf en ekki er lagt mat á bein eða óbein áhrif á aðra umhverfisþætti eins og líffræðilega fjölbreytni tegunda (t.d. gróðurs) og búsvæði utan vatnshlota, landslag, jarðmyndanir, menningarminjar og efnisleg verðmæti.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Friðþjófur Árnason



Ingi Rúnar Jónsson



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dagsetning 3. júní 2025
Málsnúmer FOR25050072

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 13. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um hvort farvegabreyting á austurkvísl Þjórsár sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsvirkjun fyrirhugar gerð leiðigarðs og rásar í Austurkvísl Þjórsárvísla skammt ofan Þjórsárlóns. Tilgangur framkvæmdanna er að leiðrétta breytingar sem hafa átt sér stað á rennsli kvíslarinnar á malareyrum ofan Þjórsárlóns, og veita rennslinu aftur í lónið. Þjórsárvíslar skiptast í Austur- og Vesturkvísl, og hefur Austurkvíslin runnið í Þjórsárlón en Vesturkvíslin í suðvesturátt. Á undanförunum árum hefur Austurkvísl Þjórsárvísla hins vegar verið að brjóta sér leið yfir í farveg Vesturkvíslarinnar og nú er svo komið að Austurkvíslin rennur aðeins að litlum hluta í Þjórsárlón. Ef fram heldur sem horfir að ekkert af Austurkvísl renni í Þjórsárlón orsakar það 120 GWst minni raforkuframleiðslu á ári, þar sem vatnið fer þá ekki í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun. Tapið er mikið ekki síst í ljósi þess slæma vatnsbúskapar sem hefur verið á sunnanverðu hálendinu undangengin ár. Önnur afleiðing af þessu er að Vesturkvíslin er orðin töluvert vatnsmeiri og er farin að dreifa úr sér með tilheyrandi rofi á gróðurlendi innan friðlands Þjórsárvera.

Óskar Landsvirkjun, eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þjórsárlón er hluti af 5. áfanga Kvíslaveita og var myndað á árunum 1996 og 1997 þegar Þjórsárstífla var reist. Vatn í efri hluta Þjórsár rann fyrir byggingu Kvíslaveitu ómiðlað til Búrfellsvirkjunar.

Til þess að nýta betur það vatn í þeim virkjunum sem reistar höfðu verið, var ráðist í að veita efstu kvíslum Þjórsár yfir í Kvíslavatn og þaðan yfir til Þórisvatns. Þórisvatn er mikilvægasta miðlunarlón Landsvirkjunar. Um Þórisvatn rennur allt vatn sem safnast saman í Kvíslarveitu og Hágöngumiðlun. Lón Kvíslarveitu eru alls fimm talsins og er Þjórsárlón efst þeirra. Vatn úr Þjórsárlóni rennur því í gegnum allar sjö virkjanirnar Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu.

Árin 1998 til 2016 rann Austurkvísl öll í Þjórsárlón. Á árinu 2016 hefur gróðurriminn sem skilur að Austurkvíslina og fyrstu kvísl vestan hennar (hér nefnd Vesturkvísl) verið rofin syðst og lítil kvísl úr Austurkvísl rennur til vesturs. Frá 2016 hefur stærri hluti rennslis í austurkvíslinni verið að færast yfir í Vesturkvíslina.

Tilgangur og markmið framkvæmdarinnar er að beina rennsli Austurkvíslar Þjórsárvísla, með sem minnstu raski, aftur yfir í Þjórsárlón. Með þessu móti er komið í veg fyrir tapaða orkuframleiðslu sem nemur allt að 120 GWst á ári.

Framkvæmdin fellst í því að færa Austurkvísl Þjórsárvísla í fyrri farveg með gerð nýrrar rásar og leiðigarðs. Gert er ráð fyrir að mótuð verði grunn rás, tæplega 600 m löng og 50 m breið, nyrst á áreyrunum.

Áreyrar Austurkvíslar eru gróðurlausar einsleitir malarfyllingar með um 100 mm steinum og lítilsháttar sanddreif, sem auðvelt er að ýta til og móta. Allt efni í leiðigarðinn er því til staðar á staðnum.

Áætlað magn ýtingar er um 6.000 m³ og meðalýtingarlengd u.þ.b. 30 m. Leiðigarðurinn verður um 5 m á breidd en breytilegur í hæð, þó ekki hærri en 1,5 m yfir aðlægu landi.

Gert er ráð fyrir að notast verði við meðalstóra jarðýtu (u.þ.b. 20 tonn) og litla beltagröfu (u.þ.b. 15 tonn). Beltagrafan er hugsuð til snyrtingar og mótunar á uppýttu efni. Vegur liggur yfir Þjósárstíflu og þaðan að suðurenda Austurkvíslar. Þar má aflesta tækin og keyra þau á áreyrunum að framkvæmdasvæðinu. Vegna vatnsrofs og veðráttu munu öll för eftir tæki hverfa fjótt.

Ákjósanlegast væri að framkvæmdir færu fram síðla sumars eða að hausti til, þegar rennsli í Þjósárkvíslum er sem minnst og mögulegt að keyra tækjum eftir áreyrunum. Áætlað er að vinna við gerð leiðigarðsins taki um 10 daga með flutningi á tækjum að og frá framkvæmdasvæðinu.

Þjósárkvíslar, þ.e. Austurkvísl og Vesturkvísl, eru innan friðlands Þjósárvera. Þjósárver eru ein víðáttumesta gróðurvin miðhálandisins með fjölskrúðugu og einstöku lífríki. Svæðið var friðlýst árið 1981 og friðland þess stækkað árið 2017, úr 375 km² í 1.563 km². Jafnframt er svæðið skráð á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði árið 1990.

Þjósárver eru friðlýst og í gildi er auglýsing um friðland í Þjósárverum nr. 870/2017. Í auglýsingunni kemur fram að allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Jafnframt sé óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og viðkomandi sveitarfélags, og vegna viðhalds á mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum.

Umrædd framkvæmd er innan þjóðlendu. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Skv. 1. mgr. 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Forsætisráðherra, með vísan til forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, er því landeigandi í skilningi vatnalaga, þar meðal 8. gr. þeirra laga sem og laga um stjórn vatnamála.

Í september 2021 gerðu Landsvirkjun og íslenska ríkið með sér samning um endurgjald vegna nýtingar Landsvirkjunar á vatns- og landsréttindum á Þjósársvæði innan þjóðlendna. Samningurinn nær til Vatnsfells-, Búðarháls-, Sultartanga-, Hrauneyjarfoss- og Sigöldustöðvar auk stækkunar á Búfellsvirkjun.

Þjósárlón er hluti af 5. áfanga Kvíslaveita og var myndað á árunum 1996 og 1997 þegar Þjósárstífla var reist. Vatn í efri hluta Þjósár rann fyrir byggingu Kvíslaveitu ómiðlað til Búfellsvirkjunar. Til þess að nýta betur það vatn í þeim virkjunum sem reistar höfðu verið, var ráðist í að veita efstu kvíslum Þjósár yfir í Kvíslavatn og þaðan yfir til Þórisvatns. Þórisvatn er mikilvægasta miðlunarlón Landsvirkjunar. Um Þórisvatn rennur allt vatn sem safnast saman í Kvíslarveitu og Hágöngumiðlun. Lón Kvíslarveitu eru alls fimm talsins og er Þjósárlón efst þeirra. Vatn úr Þjósárlóni rennur því í gegnum allar sjö virkjanirnar Landsvirkjunar á Þjósár- og Tungnaársvæðinu.

Með erindi Hafrannsóknarstofnunar dags. 20. febrúar til Landsvirkjunar kemur eftirfarandi m.a. fram: „Miðað við fyrirliggjandi gögn og grófa verkáætlun telur Hafrannsóknastofnun ólíklegt að framkvæmdin muni valda hnignun á ástandi vatnshlotanna miðað við umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Stofnunin bendir hins vegar á að standa þarf að framkvæmdinni með það að leiðarljósi að rask verði sem minnst. Þar er átt bæði átt við búsvæði lífvera í ánni og annað lífríki á framkvæmdarsvæði auk þess sem bent er á mikilvægi mengunarvarna á framkvæmdatíma.“

Forsætisráðuneytið telur sig ekki geta skorið úr um hvort umrædd framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Hagsmunir íslenska ríkisins eru samt sem áður fólgnir í því að leiðrétta breytingar sem orðið hafa á rennsli Austurkvíslarinnar á malareyrum ofan Þjórsárlóns, og veita rennslinu aftur í lónið. Ef fram heldur sem horfir, að ekkert af Austurkvísl renni í Þjórsárlón, orsakar það 120 GWst minni raforkuframleiðslu á ári, þar sem vatnið fer þá ekki í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun (sem samið var um 2021).

Ráðuneytið telur að hafa þurfi samráð við umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið sem fer með lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt er nauðsynlegt að vera í samráði við Náttúruverndarstofnun, þar sem svæðið er innan friðlands Þjórsárvera.

Fyrir hönd ráðherra eftir umboði

Regína Sigurðardóttir
Regína Sigurðardóttir



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6.6.2025

Málsnúmer: 202505-0027

LA

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna breytingar á farvegi Austurkvíslar innan friðlands Þjórsárvera.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 13. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna breytingar á farvegi Austurkvíslar sem er innan friðlands Þjórsárvera.

Landsvirkjun fyrirhugar gerð leiðigarðs og rásar í Austurkvísl Þjórsárvísla á malareyrum skammt ofan Þjórsárlóns. Tilgangur framkvæmdanna er að leiðrétta breytingar sem að hafa átt sér stað á rennsli kvíslarinnar og beina henni aftur í Þjórsárlón. Þjórsárvíslar renna innan friðlands Þjórsárvera, þær skiptast í Austur- og Vesturkvísl, og hefur Austurkvíslin runnið í Þjórsárlón en Vesturkvíslin í suðvesturátt. Á undanförunum árum hefur Austurkvísl Þjórsárvísla verið að brjóta sér leið yfir í farveg Vesturkvíslarinnar og nú rennur Austurkvíslin aðeins að litlum hluta í Þjórsárlón. Ef fram heldur sem horfir að ekkert af Austurkvísl renni í Þjórsárlón orsakar það minni raforkuframleiðslu á ári, þar sem vatnið fer þá ekki í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun. Í dag er Vesturkvíslin orðin töluvert vatnsmeiri og farin að dreifa úr sér með tilheyrandi rofi á gróðurlendi innan friðlands Þjórsárvera.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð matsskyldufyrirspurnar og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Friðland í Þjórsárverum var fyrst friðlýst 1981, og hún endurskoðuð 1987 og 2017. Markmið friðlýsingar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins. Margskonar alþjóðlegir samningar um vernd gilda fyrir Þjórsárverin s.s. Ramsarsamningur um votlendi og fuglalíf, Bernarsamningur um verndun plantna, dýra og rústamýra, samningur um líffræðilega fjölbreytni og landslagssamningur Evrópu. Þar að auki er stór hluti friðlandsins skilgreindur sem víðerni sem hefur rýrnað vegna miðlunarlóna. Friðlandið er afar mikilvægt náttúruverndarsvæði með hátt verndargildi á alþjóðavísu.

Þjórsárvíslar, Vestur- og Austurkvísl, eru jökulár sem eiga upptök sín undan Þjórsárjökli og flæmast um jökuláreyrar til suðausturs þar sem þær að lokum renna í Þjórsá. Þetta er virkt landmótunarferli sem tekur sífelldum breytingum, ekki síst á tímum loftslagshlýnunar þegar flestir jöklar landsins eru að hopa.

Fyrirhuguð breyting á farvegi felur í sér uppbyggingu á um 593 m löngum leiðigarði sem verður um 5 m breiður og 1,5 m hár. Grafin verður 50 m breið rás austan við leiðigarðinn og jökulvatni Austurkvíslar



veitt í rásina. Framkvæmdin er fyrst og fremst ætluð að viðhalda vatnsbúskap miðlunarlóna og raforkuframleiðslu. Í greinargerð framkvæmdaraðila er einnig bent á að með þessari aðgerð sé komið í veg fyrir rof á gróðurlendi og í því sambandi er nefndur Höfðinn og Riminn út frá honum til norðurs. Í Höfðanum eru rústamýrar en sunnan við þær er rask vegna mannvirkja sem tengjast yfirfallssvæði Þjórsárlóns og sem dregur úr verndargildi svæðisins. Á nýlegum loftmyndum má sjá að svæðið norðan við Höfðan er að mestu áreyrar með gróðurhulu í þurrum farvegum.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir þá umfjöllun í greinargerð að verið sé að „leiðrétta breytingar“ á rennsli jökuláa. Hér er um að ræða náttúrulegar breytingar á jökuláreyrum sem eru vel þekktar og ættu ekki að koma á óvart. Á bls. 12 í greinargerð kemur fram að framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir að um tímabundið úrræði sé að ræða. Þar stendur: „*Ljóst er að Austurkvíslin mun áfram hlaupa um áreyrar sínar með tilheyrandi rofi og tilfærslu á efni. Ef og þegar þær aðstæður eru uppi að líkur eru til þess að einhver hluti Austurkvíslarinnar hlaupi í Vesturkvíslina. Mögulega er því þörf á því að endurtaka veitinguna í líkingu við það sem á undan er lýst.*”

Náttúrufræðistofnun bendir á að í friðlýsingu Þjórsárvera kemur skýrt fram að vistgerðir og jarðminjar innan friðlandsins skulu fá að þróast eftir náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Í 11. gr. auglýsingar kemur fram að óheimilt er að breyta rennsli vatna, en jafnframt að halda má við virkjanamannvirkjum innan friðlandsins. Stofnunin metur breytingar á farvegi Austurkvíslar vera nýja framkvæmd á áður óröskuðu svæði en ekki viðhald á núverandi mannvirkjum. Framkvæmdin er inngríp í náttúrulega virka ferla með ófyrirséðum afleiðingum.

Friðlandið í Þjórsárverum er einstök landslagsheild og þó að lítið sé gert úr áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda þá er samt sem áður verið að breyta náttúrulegum ferlum og raska yfirborði sem mun hafa áhrif á landslagsheild innan friðlandsins og á víðerni.

Eins og fram hefur komið telur Náttúrufræðistofnun fyrirhugaða framkvæmd innan friðlandsins í Þjórsárverum óæskilega vegna mikils náttúrulegs verndargildis svæðisins á alþjóðavísu og auk þess sem framkvæmdin stangast á við friðlýsingarskilmála friðlandsins. Þar að auki gera framkvæmdaraðilar ekki ráð fyrir að um varanlega lausn sé að ræða og því er ekki útséð í hvaða „leiðréttingar“ þurfi að grípa til í framtíðinni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur